

# **Orkuveita Húsavíkur ehf.**

Kt. 641195-2359,

Ketilsbraut 9, 640 Húsavík.

## **Ársreikningur 2011**

## Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5 - 6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8 - 16
Aðrar upplýsingar:	
Fimm ára yfirlit, lykilmjálhæðir og kennitölur .....	17

**Orkuveita Húsavíkur ehf.,  
Ketilsbraut 9,  
640 Húsavík.**

<http://oh.is/>

# Skýrsla stjórnar og áritun á ársreikninginn

## Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur Orkuveitu Húsavíkur ehf. er orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

## Starfsemin á árinu 2011

Starfsemin var með sama sniði á starfsárinu og árin á undan ef frá er talin stór bilun sem varð á aðveituæð hitaveitu frá Hveravöllum til Húsavíkur. Endurnýjunar var þörf á hluta æðarinnar sem fól í sér rúmlega 40 m.kr. fjárfestingu á árinu.

Á árinu 2010 seldi félagið 28,77% hlut sinn í Þeistareykjum ehf. Hluti af greiðslu fyrir eignarhlutinn var í formi skuldabréfs en greiðsla samkvæmt bréfinu var háð því að orkuvinnsla hæfist innan tuttugu og fjögurra ára á landsvæði Þeistareykja ehf eins og það var við undirskrift samningsins. Á árinu 2010 var þessi hluti söluverðsins ekki tekjufærður vegna óvissu um hvort eða hvenær orkuvinnsla á svæðinu myndi hefjast. Að mati félagsins hafa forsendur nú breyst og telur það að skilyrði fyrir eignfærslu bréfsins og innlaun hagnaðar vegna þess séu nú til staðar. Eignfærslan hefur veruleg áhrif á rekstrar- og efnahagsreikning félagsins. Áhrif á hagnað fyrir tekjuskatt á árinu 2011 nemur 697,2 mkr.

Rekstrartekjur ársins námu 224,8 mkr. Hagnaður fyrir afskriftir nam 99,8 mkr. en afskriftir námu 42,6 mkr. Hagnaður fyrir fjármagnsliði nam 57,3 mkr. en fjármagnsliðir voru jákvæðir um 775,7 mkr. Hagnaður ársins eftir skatta nam 828 mkr.

Í árslok 2011 eru eignir félagsins bókfærðar á 2.424,1 mkr., skuldir nema 916,7 mkr. og eigið fé 1.507,4 mkr. og er eiginfjárlutfall 62,2% en það var 40,4% í ársbyrjun.

## Framtíðaráform

Á árinu 2011 var unnið að innleiðingu nýsamþykkrar stefnu fyrir félagið. Samkvæmt stefnunni var unnið að því að félagið yrði opinbert hlutafélag, sem það og varð í upphafi ársins 2012. Þá var einnig skrifað undir kaupsamning félagsins og eiganda þess, Norðurþings, um kaup þess fyrnefnda á öllum vatns- og fráveitum sveitarfélagsins. Megintilgangur Orkuveitu Húsavíkur ehf. er sá að auka búsetugæði á svæðinu með starfsemi sinni. Kjarnastarfsemi og hlutverk félagsins er að veita íbúum og fyrirtækjum í Þingeyjarsýslum aðgang að heitu og köldu vatni, auk fráveitu.

## Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur ekki til að greiddur verði arður af hlutafé að þessu sinni og vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

## Eignarhald á félaginu


Sveitarfélagið Norðurþing er eigandi að öllu hlutafé í félaginu.

## Staðfesting ársreiknings


Stjórn Orkuveitu Húsavíkur ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins árið 2011 með áritun sinni.

Húsavík, 10. apríl 2012

Í stjórn

  
Gunnlaugur Stefán  
Sigurður Þorvaldsson

Framkvæmdastjóri

  
Guðvarn Edda Jónsdóttir

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Til stjórnar og hluthafa Orkuveitu Húsavíkur ehf

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkuveitu Húsavíkur fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

#### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

#### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja víðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu víðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og víðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

#### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Húsavík, 10. apríl 2012

#### PricewaterhouseCoopers ehf



Davíð Búi Halldórsson,  
löggiltur endurskoðandi.

## Rekstrarreikningur árið 2011

	Skýr.	<u>2011</u>	<u>2010</u>
<b>Rekstrartekjur</b>			
Orkusala .....		214.320.809	195.678.694
Aðrar tekjur .....		10.498.673	10.868.907
Söluhagnaður (tap) .....		0	(15.000.000)
		<u>224.819.482</u>	<u>191.547.601</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	15	73.605.546	55.153.560
Annar rekstrarkostnaður .....		<u>51.370.751</u>	<u>45.768.507</u>
		124.976.297	100.922.067
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti</b>		99.843.185	90.625.534
Afskriftir .....	4	<u>42.580.064</u>	<u>151.381.899</u>
<b>Rekstrarhagnaður (tap)</b>		57.263.121	(60.756.365)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>	3		
Vextir og gengismunur af langtímaskuldum .....		(12.185.398)	120.288.713
Önnur fjármagnsgjöld og fjármunatekjur .....		<u>787.848.700</u>	<u>953.288.847</u>
		775.663.302	1.073.577.560
<b>Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir skatta</b>		832.926.423	1.012.821.195
Tekjuskattur .....	12	(4.896.569)	(142.863.967)
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>828.029.854</u>	<u>869.957.228</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eignir	Skýr.	<u>2011</u>	<u>2010</u>
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	4		
Orkuveitumannvirki .....		486.932.548	477.653.883
Fasteignir .....		82.412.861	71.464.253
Tæki og búnaður .....		4.348.366	2.774.545
		<u>573.693.775</u>	<u>551.892.681</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	5.1	218.542.846	151.186.082
Skuldabréfaeign .....	5.2	1.256.641.682	568.103.610
Tekjuskattsinneign .....	12	119.762.729	124.659.298
		<u>1.594.947.257</u>	<u>843.948.990</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		2.168.641.032	1.395.841.671
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	6	145.000	160.000
Viðskiptakröfur .....	7	20.576.553	20.997.580
Krafa á tengdan aðila .....		124.648.664	0
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		1.318.157	1.489.474
Handbært fé .....		108.786.701	263.937.399
		<u>255.475.075</u>	<u>286.584.453</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>2.424.116.107</u>	<u>1.682.426.124</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2011

<b>Eigið fé og skuldir</b>	Skýr.	<u>2011</u>	<u>2010</u>
<b>Eigið fé</b>	8		
Hlutfé .....		307.000.000	307.000.000
Lögbundinn varasjóður .....		76.750.000	33.967.252
Óráðstafað eigið fé .....		<u>1.123.624.888</u>	<u>338.377.782</u>
		1.507.374.888	679.345.034
 <b>Skuldir</b>			
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbindingar .....	9	<u>97.358.843</u>	<u>80.485.518</u>
		97.358.843	80.485.518
Langtímaskuldir:	10		
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum .....		781.829.500	832.666.517
Skuldir í íslenskum krónum .....		<u>17.240.061</u>	<u>16.340.168</u>
		799.069.561	849.006.685
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....		6.139.599	7.800.860
Skuld við tengdan aðila .....	13	0	11.477.202
Aðrar skammtímaskuldir .....		11.148.549	11.679.290
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	10	<u>3.024.667</u>	<u>42.631.535</u>
		20.312.815	73.588.887
 <b>Skuldir samtals</b>		916.741.219	1.003.081.090
 <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>2.424.116.107</u></u>	<u><u>1.682.426.124</u></u>
 <b>Ábyrgðarskuldbindingar</b>	11		
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

## Sjóðstreymi ársins 2011

	Skýr.	2011	2010
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins .....		828.029.854	869.957.228
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	4	42.580.064	151.381.899
Söluhagnaður .....		(622.152.150)	(832.897.240)
Aðrir liðir .....	14	(88.044.832)	(84.092.838)
		<u>160.412.936</u>	<u>104.349.049</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		592.344	10.708.297
Birgðir .....		15.000	65.000
(Lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(2.192.002)	(39.985.710)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar .....		(15.004.189)	(4.868.296)
		<u>(16.588.847)</u>	<u>(34.080.709)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>143.824.089</u>	<u>70.268.340</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	4	(64.381.158)	(5.193.932)
Sala eignarhluta .....		0	536.500.015
Aðrar kröfur, breyting .....		(124.648.664)	115.000.000
Fjárfesting í eignarhlutum í félögum .....		<u>(10.283.947)</u>	<u>(44.759.400)</u>
		<u>(199.313.769)</u>	<u>601.546.683</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tekin ný langtímalán .....		3.505.135	57.842.165
Afborganir langtímalána .....		(91.688.952)	(397.110.115)
Skammtímalán, breyting .....		<u>(11.477.202)</u>	<u>(139.145.403)</u>
		<u>(99.661.019)</u>	<u>(478.413.353)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		<u>(155.150.699)</u>	<u>193.401.670</u>
Handbært fé í ársbyrjun .....		<u>263.937.399</u>	<u>70.535.729</u>
<b>Handbært fé í lok árs</b>		<u><u>108.786.701</u></u>	<u><u>263.937.399</u></u>



# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Orkuveita Húsavíkur ehf. vinnur og framleiðir heitt og kalt vatn, dreifir og selur afurðir fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi.

Félagið er hluti af samstæðu sveitarfélagsins Norðurbings.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 2.2 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

### 2.3 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2012. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

### 2.4 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

### 2.5 Aðrar rekstrartekjur

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

### 2.6 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreyting er færð til tekna í rekstrarreikningi og á móti til eignar á eignarhluta félagsins í Þeistareykjum ehf.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

## Skýringar

### 2.7 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir og veitukerfið .....	3 - 6%
Bifreiðar og lyftarar .....	10%
Vélar, áhöld og búnaður .....	15 - 20%

Varanlegir rekstrarfjármunir eru skoðaðir með tilliti til virðisryrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef gangvirði eigna er lægra en bókfært verð þeirra. Gangvirði er það sem er hærra af áætluðu söluverðmæti eða notkunarverðmæti.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söliverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði (tapi).

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### 2.8 Fjárfestingar í eignarhlutum og öðrum verðbréfum

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum. Ef markaðurinn fyrir fjárfestingaverðbréf er ekki virkur ákvarðar félagið gangvirði með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu eða viðurkenndum matslíkönum. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirði með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréf færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### 2.9 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði.

### 2.10 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### 2.11 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### 2.12 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

## Skýringar

### 2.13 Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding félagsins, vegna fyrirverandi starfsmanna, hefur verið reiknuð miðað við tryggingafræðilegar forsendur og 2% vexti umfram hækkanir á verðlagi og er færð til skuldar í efnahagsreikningi miðað útreiknaða stöðu tryggingafræðings 31. desember 2011.

### 2.14 Tekjuskattsinneign

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

### 2.15 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

## 3. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Langtímaskuldir	Aðrir liðir	Samtals árið 2011	Samtals árið 2010
Vaxtatekjur .....	0	59.488.531	59.488.531	31.768.694
Arður .....	0	0	0	168.211
Gengismunur .....	(27.075.354)	49.148.958	22.073.604	138.960.757
Gangvirðisbreyting hlutabréfa .....	0	57.072.817	57.072.817	86.076.822
Hagnaður af sölu eignarhluta í félögum .....	0	622.152.150	622.152.150	832.897.240
Höfuðstólslækkun langtímaskulda .....	29.561.878	0	29.561.878	22.607.735
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(14.671.922)	(13.756)	(14.685.678)	(38.901.899)
	(12.185.398)	787.848.700	775.663.302	1.073.577.560

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Orkuveitu- mannvirki	Fast- eignir	Vélar, tæki og búnaður	Samtals
Bókfært verð 1/1 2011 .....	477.653.883	71.464.253	2.774.545	551.892.681
Afskrifað á árinu .....	(37.822.680)	(4.221.205)	(536.179)	(42.580.064)
Viðbætur á árinu .....	47.101.345	15.169.813	2.110.000	64.381.158
Bókfært verð 31/12 2011 .....	486.932.548	82.412.861	4.348.366	573.693.775

## Skýringar

### 4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (frh)

Fasteignir félagsins í árslok 2011 voru eftirtaldar:	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, leigulóð	Brunabótamat	Bókfært verð
Purkklefi .....	8.625.000	7.743.000	36.160.000	2.380.000
Hveravellir, dæluhús og tengistöð .....	2.233.000		14.965.000	0
Hrísmóar 1, 543,3 m <sup>2</sup> og vatnsg. ....	60.490.000	5.721.000	226.450.000	58.102.452
Áhaldahús á Höfða, 318 m <sup>2</sup> .....	7.790.000	2.900.000	34.000.000	21.930.409
Vallholtsvegur 3, skrifstofa .....	3.780.000	1.115.000	16.750.000	14.563.020
	<u>79.138.000</u>	<u>16.364.000</u>	<u>311.575.000</u>	<u>82.412.861</u>

Efni og búnaður í Orkustöð að Hrísmóum 1, er tryggður gegn bruna- og vatnstjóni fyrir 200 millj. og búnaður í Lyngmóum 2 fyrir 13 mkr. Þá eru veitumannvirki tryggð hjá Viðlagatryggingu Íslands gegn beinu tjóni af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Tryggingarupphæð er 3.051,6 millj. króna og sundurliðast þannig;

	Tryggingafjárhæð
Vatnsveita .....	416.642.000
Hitaveita í Aðaldal og Kinn .....	399.761.000
Hitaveita .....	<u>2.235.146.000</u>
	<u>3.051.549.000</u>

### 5. Fjárfestingar í félögum og öðrum verðbréfum

5.1 Eignarhlutir í félögum greinast á eftirfarandi hátt:	Eignarhlut-deild í %	Nafnverð í árslok	Bókfært verð í árslok
Þeistareykir ehf .....	3,20%	33.169.482	195.731.868
Hrafnabjargavirkjun hf .....	18,75%	1.875.000	1.875.000
Sjóböð ehf .....	13,78%	132.473	1.055.550
Íslensk orka ehf .....	25,51%	43.422.438	48.164.522
- óbein niðurfærsla hlutabréfa í Íslenskri orku ehf. ....			<u>(28.284.093)</u>
			<u>218.542.846</u>

Í árslok 2010 var bókfært verð eignarhlutans í Þeistareykjum ehf hækkað um 86 mkr. og í árslok 2011 um 57 mkr. með mótfærslu á rekstur vegna gangvirðisbreytinga á grundvelli markaðsviðskipta með bréf í félaginu. Á árunum 2001 og 2002 voru hlutabréf í Íslenskri orku ehf afskrifuð óbeinni afskrift með mótfærslu á rekstur vegna árangurslausra borana í Öxarfirði.

### 5.2 Skuldabréfaeign

Greinist þannig:

Í USD, vextir 5% .....	559.438.025
Í ÍKR, NVT + 3% vextir .....	697.203.657
	<u>1.256.641.682</u>

## Skýringar

### 5.2 Skuldabréfaeign (frh)

Afborganir af skuldabréfaeign félagsins í árslok 2011 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2012 - 2018 .....	0
Árið 2019 og síðar .....	<u>1.256.641.682</u>
	<u>1.256.641.682</u>

Á árinu 2010 seldi félagið 28,77% hlut í Þeistareykjum ehf. Hluti söluandvirðis eignarhlutans skv. kaupsamningi er háður því að orkuvinnsla hefjist innan tuttugu og fjögurra ára frá undirritun kaupsamnings og var sá hluti ekki færður til eignar í árslok 2010. Að mati félagsins hafa forsendur breyst og telur það að skilyrði fyrir eignfærslu bréfsins séu nú til staðar. Eignfærsla bréfsins hefur veruleg áhrif á rekstrar- og efnahagsreikning félagsins. Áhrif á hagnað fyrir tekjuskatt á árinu 2011 nemur 697,2 mkr.

### 6. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði, eru óvátryggðar, og greinast þannig:

	<u>2011</u>	<u>2010</u>
Ýmsar rekstrarvörur .....	145.000	160.000
	<u>145.000</u>	<u>160.000</u>

### 7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	<u>2011</u>	<u>2010</u>
Viðskiptakröfur .....	23.494.284	24.018.297
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu .....	(2.917.731)	(3.020.717)
	<u>20.576.553</u>	<u>20.997.580</u>

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign veitunnar. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi. Breyting niðurfærslureikningsins greinist þannig:

	<u>2011</u>	<u>2010</u>
Staða 1. janúar 2011 .....	3.020.717	10.235.124
Endanlega afskrifaðar kröfur á árinu .....	(1.097.579)	(1.222.517)
Breyting afskriftareiknings á árinu .....	994.593	(5.991.890)
	<u>2.917.731</u>	<u>3.020.717</u>

## Skýringar

### 8. Eigið fé

#### Hlutfé

Hlutfé félagsins skv. samþykktum þess er kr. 307.000.000 eftir hlutfjárukningu á stofnári. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut að nafnverði í félaginu.

#### Lögbundinn varasjóður

Í lögbundinn varasjóð hefur verið lagt skv. ákvæðum í lögum um einkahlutfélag.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2011 .....	307.000.000	33.967.252	338.377.782	679.345.034
Hagnaður ársins .....			828.029.854	828.029.854
Tillag í lögbundinn varasjóð .....		42.782.748	(42.782.748)	0
Eigið fé 31. desember 2011 .....	307.000.000	76.750.000	1.123.624.888	1.507.374.888

### 9. Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding félagsins, vegna fyrirverandi starfsmanna, hefur verið reiknuð miðað við tryggingafræðilegar forsendur og 2% vexti umfram hækkunir á verðlagi og er færð til skuldar í efnahagsreikningi miðað útreiknaða stöðu tryggingafræðings 31. desember 2011.

	2011	2010
Staða 1. janúar 2011 .....	80.485.518	71.800.000
Greiddar lífeyrisskuldbindingar á árinu .....	(15.004.189)	(4.868.296)
Reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindinga á árinu .....	31.877.514	13.553.814
	97.358.843	80.485.518

### 10. Langtímaskuldir

#### Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

Í USD .....	144.709.500
Í EUR .....	637.120.000
	781.829.500

#### Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggðar skuldir .....	20.264.728
Langtímaskuldir samtals .....	802.094.228

Vegnir meðalvextir langtímalána í árslok eru 1,67%.

## Skýringar

### 10. Langtímaskuldir (frh)

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2011 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2012 .....	3.024.667
Árið 2013 .....	3.024.667
Árið 2014 .....	1.837.106
Árið 2015 .....	1.837.106
Árið 2016 .....	1.781.345
Síðar .....	790.589.338
	<u>802.094.228</u>

Langtímaskuldir samtals kr. 802.094.228 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir á árinu 2012, færðar meðal skammtímaskulda .....	3.024.667
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....	799.069.561
	<u>802.094.228</u>

### 11. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Eignir félagsins sem veðsettar eru til tryggingar skuldum þess eru eftirfarandi:

Fasteignir og veitur .....	5.664.998
----------------------------	-----------

### 12. Tekjuskattsinneign

Breyting tekjuskattsinneignarinnar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsinneign í ársbyrjun .....	124.659.298
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi .....	(4.896.569)
Tekjuskattsinneign í árslok .....	<u>119.762.729</u>

Tekjuskattsinneign greinist þannig á eftirfarandi liði:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	111.273.038
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur .....	583.546
Lífeyrisskuldbinding .....	19.471.769
Gengismunur .....	(12.207.198)
Aðrir liðir .....	641.574
	<u>119.762.729</u>

Ekki kemur til álagningar tekjuskatts á árinu 2012 þrátt fyrir hagnað á árinu 2011 vegna óskattskylds söluhagnaðar af eignarhlut í öðru félagi. Yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins í árslok nam 3,2 mkr.

## Skýringar

### 12. Tekjuskattsinneign (frh)

Starfsemi vatnsveitu fellur hvorki undir ákvæði laga um tekjuskatt né laga um skattskyldu orkufyrirtækja. Tekjur félagsins af vatnsveitu teljast því ekki skattskyldar og rekstrargjöld að meðöldum afskriftum ekki frádráttarbær kostnaður við ákvörðun tekjuskatts.

### 13. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru móðurfélög, hlutdeildarfélag, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengda aðila árið 2011:	Keypt þjónusta / álagð gjöld	Seld þjónusta	Kröfur	Skuldir
Norðurþing.....	8.384.578	13.727.767	124.648.664	

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipta við ótengda aðila.

### 14. Sjóðstreymi

	2011	2010
Aðrir liðir, samkvæmt sjóðstreymi, sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi, greinast þannig:		
Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum .....	28.201.703	(123.708.882)
Verðbætur og gengismunur af skuldabréfaeign .....	(66.385.923)	(8.117.180)
Tekjuskattur/Skattinneign .....	4.896.569	142.863.967
Gangvirðisbreyting eignarhluta í öðru félagi .....	(57.072.817)	(86.076.822)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu .....	31.877.514	13.553.814
Höfuðstólslækkun langtímaskulda .....	(29.561.878)	(22.607.735)
	<u>(88.044.832)</u>	<u>(84.092.838)</u>

### 15. Aðrar upplýsingar

#### Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:

Laun .....	34.039.329
Launatengd gjöld .....	7.688.703
Hækkun lífeyrisskuldbindinga á árinu .....	<u>31.877.514</u>
	<u>73.605.546</u>

Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 5 starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum. Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur. Laun stjórnar og stjórnanda námu um 9,3 mkr.

#### Hlutfjárloforð

Félagið hefur skráð sig fyrir hlutfé í Hrafnabjargavirkjun hf fyrir kr. 5.625.000 sem ekki hafa verið innkallaðar.



## Skýringar

### 15. Aðrar upplýsingar (frh)

#### Samningur við Global Geothermal Limited og Orkusölna

Gerður var samningur við Global Geothermal Limited (GGL) í lok ársins 2010 um viðgerð og endurbætur á Orkustöð í Hrísmóum. Nefnd um erlenda fjárfestingu fjallaði um samninginn á fyrri hluta ársins 2011 og komst að þeirri niðurstöðu að hann gengi ekki gegn ákvæðum laga um erlenda fjárfestingu. Að fengnu álitni nefndarinnar hófst vinna við viðgerð með því að sendir voru partar úr stöðinni erlendis til yfirferðar og viðgerðar hjá framleiðendum. Í árslok 2011 var GGL að vinna að því að stofna dótturfélag á Íslandi til að halda utan um verkefnið í Hrísmóum.

#### Annað

Félagið hefur eignatryggingar eins og fram kemur í skýringu 4 auk frjálsra ábyrgðatrygginga.

## Fimm ára yfirlit, lykilfjárhæðir og kennitölur

Allar fjárhæðir á verðlagi hvers árs í þús. króna:

	2011	2010	2009	2008	2007
<b>Kennitölur tengdar sjóðstreymi</b>					
Hreint veltufé frá rekstri .....	160.413	104.349	79.355	9.457	64.336
Fjárfestingahreyfingar .....	-199.314	601.547	11.442	-97.674	-50.573
<b>Rekstrarárangur</b>					
Rekstrartekjur samtals .....	224.819	191.548	453.467	291.538	277.070
Rekstrarhagnaður (tap) .....	57.263	-60.756	11.831	17.657	45.485
Hagnaður (tap) ársins .....	828.030	869.957	-48.719	-609.515	56.258
<b>Ýmsar stærðir sem hlutfall af veltu (%)</b>					
Rekstrarhagnaður án söluhagnaðar (taps) fyrir afskriftir í % af tekjum (EBITDA) .....	44,41%	51,14%	42,50%	30,04%	41,78%
Hagnaður (tap) ársins í % af tekjum .....	368,31%	454,17%	-10,74%	-209,07%	20,30%
<b>Efnahagur og fjárhagslegur styrkleiki</b>					
Veltufjárhlutfall .....	12,58	3,89	0,63	0,15	0,63
Eignir samtals, í þús. króna .....	2.424.116	1.682.426	1.468.499	1.475.607	1.380.405
Eigið fé, í þús. króna .....	1.507.375	679.345	-190.612	-141.892	467.622
Eiginfjárhlutfall .....	62,18%	40,38%	-12,98%	-9,62%	33,88%

### Aðrar upplýsingar miðað við árslok 2011:

	<u>Hitaveita</u>	<u>Vatnsveita</u>	<u>Orkustöð</u>
Íbúar á veitusvæði.....	2234	2234	
Veitur (mælitæki).....	1099	15	
Uppsett afl.....	43,9 MW	300 l/s	
Lengd safn og aðveituæða.....	49,5 km	4 km	
Lengd dreifikerfis.....	29 km	29 km	
Rafmagnsframleiðsla í Orkustöð.....			0,0 GWh/ári